

Fimmtudaginn 19. nóvember 1981.

Nr. 56/1980. **Hlöðver Ingvarsson**
 (Jón Oddsson hrl.)
 gegn
Steingrími Þormóðssyni
 (sjálfur).

Stefna. Skuldamál. Útivist í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1980. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur lagt fyrir Hæstarétt gögn um rannsókn rannsóknarlögreglu ríkisins á viðskiptum stefnanda og Einars Haukssonar, en Einar er nefndur í hinum áfrýjaða dómi.

Áfrýjandi sótti eigi þing í héraði, en hann telur, að gögn þau, sem lágu fyrir héraðsdómi, hafi að réttu lagi átt að leiða til sýknu hans. Rökstyður hann kröfu sína þannig, að í texta utanréttarstefnu þeirrar, sem stefndi gaf út 13. febrúar 1980 til aukadómþings Kjósarsýslu, segi, að stefnt sé Hlöðver Ingasyni. Áfrýjandi, Hlöðver Ingvarsson, hafi ekki talið, að sér væri réttilega stefnt með þessum hætti, og því hafi hann ekki talið sig hafa „ástæður til að sækja þing í héraði.“ Þá hafi sá ágalli verið á stefnunni, að málavöxtum hafi ekki verið lýst með öðrum hætti en þeim, að krafist væri greiðslu launakröfu vegna vinnu Einars Haukssonar í þágu stefnda Hlöðvers í september 1970. Sé þetta ónákvæmt. Loks hafi sá ágalli verið á stefnunni, að stefnufrestur hafi verið sagður „einn dagur“, þótt hann ætti að vera einn sólarhringur hið skemmsta eftir 99. gr. laga nr. 85/1936.

Í stefnu til héraðsdóms var skírnarnafn áfrýjanda, staða og heimili rétt tilgreint, en hann þar talinn Ingason. Var áfrýjandi nægilega skýrt nefndur, til að honum mátti vera

ljóst, að honum var stefnt. Ágallar voru á málavaxtalýsingu í stefnu, en tilgreining stefnufrests, sem var ekki fullskýr, var þó fullnægjandi, þar sem stefna var birt áfrýjanda sjálfum 22. febrúar 1980, en þingfesting skyldi ekki vera fyrir en 28. febrúar. Verður því ekki sinnt aðfinnslum áfrýjanda, sem varða héraðsstefnu.

Áfrýjandi hefur ekki með fullnægjandi rökum andmælt kröfum stefnda efnislega, enda verður ráðið af lögregluskýrslu þeirri, sem áfrýjandi gaf og lögð hefur verið fyrir Hæstarétt, að Einar Hauksson hafi átt vinnulaunakröfu á áfrýjanda, en Einar hefur framselt stefnda kröfu sína til eignar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta þá niðurstöðu aukadómþings Kjósarsýslu, að áfrýjandi skuli greiða stefnda 4.957.00 krónur með vöxtum, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og þykir hann eftir öllum atvikum hæfilega ákveðinn samtals 2.000.00 krónur fyrir háðum dómum.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Hlöðver Ingvarsson, greiði stefnda, Steingrími Þormóðssyni, 4.957.00 krónur með 27% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og 2.000.00 krónur í málskostnað, samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 12. mars 1980.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. mars sl., hefur Steingrímur Þormóðsson lögfræðingur, Stífluseli 5, Reykjavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 22. febrúar 1980, gegn Hlöðver Ingvarssyni byggingameistara, Bergvík, Kjalarnesi, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 495.700 með hæstu leyfilegum dráttarvöxt-

um frá 1. október 1979 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnandi kveður málavexti þá, að Einar Hauksson, Kastalagerði 6, Kópavogi, hafi í septembermánuði 1979 unnið fyrir stefnda, Hlökkver Ingvarsson, tréverk vestur í Ólafsvík og hafi stefndi greitt þann 17. september 1979 Einari kr. 350.000 með ávísun. Stefnandi kveður, að ávísun þessi hafi reynst innstæðulaus. Stefnandi kveður, að greindur Einar Hauksson hafi framset sér kröfuna þann 8. janúar sl., og hefur lagt fram afsal, dags. 2. febrúar 1980, því til staðfestu, og kveðst stefnandi vera eigandi kröfunnar. Stefnandi hefur ekki hirt um að sundurliða kröfuna, en samkvæmt málsskjölum sundurliðast hún þannig:

36 innihurðir festar í vegg, falslisti og skrá sett í, kr. 9.000 pr. hurð	kr. 324.000
8 svalahurðir festar í fastan karm, lamaðar og glerjaðar og skrá og læsingarjárn sett í, kr. 10.000 pr. hurð	— 80.000
8 karmar settir saman og lamaðir, kr. 3.500 pr. karm	— 28.000
Ferðakostnaður á eigin bíl, 550 km, 100 kr. pr. km	— 55.000
Útlagt fyrir efni	— 4.000
Útlagt fyrir efni	— 4.700
	<hr/>
	Kr. 495.700

Mál þetta var þingfest í aukadómþingi Kjósarsýslu 28. febrúar 1980, en stefnandi tók frest til frekari framlagningar skjala í dómi til 11. mars sl. Þing var ekki sótt við þingfestingu né síðar af hálfu stefnda, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, og hann hefur lagt fram myndrit tékkans og frumrit vinnuseðla og kvittana, verða þær teknar til greina. Vextir ákvarðast 27% ársvextir frá 1. október—1. desember 1979, en 31% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 106.620.

Gissur V. Kristjánsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Hlökkver Ingvarsson, Bergvík, Kjalarneshreppi, greiði stefnanda, Steingrími Þormóðssyni, Stífluseli 5, Reykjavík, kr. 495.700 auk 27% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. október 1979 til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 106.620 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. nóvember 1981.

Nr. 188/1979. **Fínpússning s/f**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

Benedikt Guðjónssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Lögtaksmál. Orlof.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Benedikt Sigurjónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. október 1979. Krefst hann þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang hins umbeðna lögtaks. Þá krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Ekki er um það deilt í máli þessu, að stefndi eigi rétt á orlofsfé. Gegn andmælum stefnda er ósannað, að aðiljar hafi samið svo um, að orlofsfé væri innifalið í greiðslum þeim, sem áfrýjandi innti af hendi til stefnda og miðuðust við unnið verk, en ekki tímalengd. Ekki verður talið, að stefndi hafi firrt sig rétti til að hafa uppi kröfur þessar með drætti á að hefjast handa um heimtu fjár þessa. Samkvæmt þessu